

á almenningnum í Fljótstungurjett, þar sem þá var verið að rjetta safninu, svo hurðin brotnaði, og eins fyrir að hafa þá skammað bóndann Stefán Ólafsson í Kalmannstungu, er hreppstjórinn þar í sveitinni hafði falið á hendur, að stýra rjettarhaldinu fyrir sig, og kallað hann þjóf og lygara. Brot hins ákærða virðist undirdómarinn rjettilega hafa heimfært undir 102. gr. hegningarlaganna, eins og sekt sú, er honum er ákveðin í undirrjettardóminum, virðist hæfilega metin eptir málavöxtum 60 krónur, og ber því að staðfesta undirrjettardóminn, bæði að þessu leyti og að því, er snertir ómerkingu hinna við höfðu meiðyrða og málskostnað. Svo ber honum og að greiða allan áf áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn 12 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og flutningur þess fyrir yfirdóminum löglegur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa. Ákærði Þiðrik Þorsteinsson á að lúka allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs 12 kr. til hvors fyrir flutning málsins.

Hið í dæmda ber að lúka innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 3/1877:

Bessi Þorleifsson

gegn

Eggert verzlunarstjóra Laxdal.

Dómur.

Með stefnu, dagsettri 3. febrúarmán. þ. á., hefur

Bessi Þorleifsson í Siglufirði áfrýjað til yfirdómsins dómi, uppkveðnum 3. októbermán. f. á. fyrir gestarjetti Akureyrar kaupstaðar; en með þeim dómi er hann skyldaður til að borga Eggert verzlunarstjóra Laxdal verzlunarskuld, að upphæð kr. 418, 34, og enn fremur kr. 25, 10 í skaðabætur og 5 kr. í málskostnað. Áfrýjandinn hefur krafizt, að dómur gestarjettarins, og öll meðferð málsins í hjeradi verði dæmt ómerkt, og að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu, eptir rjettarins mati. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að dómur undirrjettarins verði staðfestur þannig, að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða honum þá umstefndu skuldarupphæð, kr. 418, 34, og málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir yfirdómsins mati.

Kröfu sína um, að undirrjettardómurinn og öll meðferð málsins í hjeradi verði dæmt ómerkt, hefur áfrýjandinn byggt á því, að undirdómarinn hafi ekki leiðbeint honum fyrir undirrjettinum, eins og lögboðið er; en þar sem sú ástæða eigi getur leitt til, að öll meðferð málsins í hjeradi verði dæmd ómerk, heldur að eins nokkur hluti hennar, og áfrýjandinn því hefði átt að krefjast, að málinu væri vísað heim aptur í hjerad til ítarlegri skýringar og dómsáleggingar, þá verður krafa hans ekki tekin til greina, og ber því að dæma áfrýjandann, samkvæmt kröfu hins stefnda, sem fer fram á minna, en honum er dæmt fyrir undirrjettinum, þannig að áfrýjandinn greiði hinum stefnda kaupstaðarskuld þá, sem málið er risið af, að upphæð kr. 418, 34, og málskostnað fyrir báðum rjettum, sem virðist hæfilega metinn 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Gegn afhendingu á skuldabryfji, útgefnu af áfrýj-

andanum 14. janúar 1876, með áritaðri kvittun um upphæð þess 117 kr. 63 a., ber áfrýjandanum Bessa Þorleifssyni að greiða hinum stefnda Eggerti verzlunarstjóra Laxdal kr. 418, 34 og málskostnað fyrir báðum rjettum með 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 1/1877:

Vígfús Þórarinsson

gegn

Sveini Árnasyni.

Dómur.

Ár 1874, hinn 25. aprílmánaðar, gjörðu bændurnir á Ytri-Sólheimum í Mýrdal, Vígfús Þórarinsson og Sveinn Árnason þá sætt millum sín fyrir rjetti, að Sveinn skyldi þá í fardögum láta af hendi til Vígfúsar undan ábúð sinni 3 hndr. 90 ál., sem er eign Vígfúsar, í Ytri-Sólheimum, en halda undir ábúð sinni 3 hndr. 90 ál. af eign Vígfúsar fyrst um sinn um 2 ára tíma. Báðir skyldu þeir þó reyna til að vera Sveini í útvegum með ábýlisjörðu, sem að álitu tveggja af sýslumanni Skaptfellinga útnefndra manna jafngilti þáverandi ábýlisjörðu Sveins. Tækist það að útvega Sveini ábýlisjörð á tjeðan hátt, skyldi hann skyldur til að sleppa við Vígfús ábúð á hinum öðrum 3 hndr. 90 ál., er Vígfúsi til heyra. Yrði hins vegar eigi búíð að útvega Sveini svo góða ábýlisjörð, sem að framan er ákveðið, að tveim árum liðnum, skyldi Sveinn taka alla sína ábýlisjörð, er hann hafði, þegar sættin gjörðist, aptur til ábúðar; en eigi að síður skyldu þeir báðir fram halda tilraun sinni með útvegum ábýlisjarðar handa Sveini, og skyldi hann jafnskyldur, og áður er ákveðið, til að sleppa við Vig-